

I H M

Innheimtumiðstöð rétthafa

Ársreikningur 2020

IHM, Innheimtumiðstöð rétthafa
Laugavegi 77
101 Reykjavík
kt. 531284-0119

I H M

Innheimtumiðstöð rétthafa

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

Áritanir óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna	1
Áritun stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar	7

Áritanir óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna

Til stjórnar og fulltrúaráðs Innheimtumiðstöðvar rétthafa, IHM.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning IHM fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samtakanna á árinu 2020, efnahag þess 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð IHM í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi samtakanna. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leggja til að leysa samtökin upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi samtakanna.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi starfsemi og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogi, 2. júní 2021.

Deloitte ehf.

Einar Hafliði Einarsson
endurskoðandi

Til stjórnar og fulltrúaráðs Innheimtumiðstöðvar réttihafa, IHM.

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn IHM höfum farið yfir ársreikning þennan fyrir árið 2020. Hann er í samræmi við ákvæði laga og samþykktir félagsins og leggjum við til að hann verði samþykktur.

Reykjavík 2. júní 2021

Védís Hervör

Jónas Sigurðsson

Áritun stjórnar

Samtökin heita Innheimtumiðstöð réttaha, skammstafað IHM.

Aðaltilgangur IHM er að móttaka og úthluta greiðslum úr ríkissjóði vegna bóta til réttaha vegna eintakagerðar til einkanota eins og nánar er lýst í 11. grein höfundalaga.

Aðilar að IHM eru STEF (Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar), SFH (Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda), RSÍ (Rithöfundasamband Íslands), Hagþenkir, (Félag höfunda fræðirita og kennslugagna), BÍ (Blaðamannafélag Íslands) SKL (Samtök kvikmyndaleikstjóra) SÍK (Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda), FÍL (Félag íslenskra leikara) FK (Félag kvikmyndagerðamanna), Myndstef, Félag leikskálda og handritshöfunda og Félag leikstjóra á Íslandi.

Stjórn IHM, Innheimtumiðstöðvar réttaha, staðfestir hér ársreikning samtakanna fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 2. júní 2021

Í stjórn

Gunnar Guðmundsson, formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir, varaformaður

Ásmundur Jónsson

Védís Eva Guðmundsdóttir

Harpa Fönn Sigurjónsdóttir

Sigríður Rut Júlíusdóttir

Hrafnhildur Theodórsdóttir

Jakob Frímann Magnússon

Tómas Þorvaldsson

Rekstrarreikningur ársins 2020

Rekstrartekjur	Skýr.	2020	2019
Tekjur skv. breytingu á 11. gr. höfundalaga (nr. 109/2016)	11	227.034.582	264.153.257
		<u>227.034.582</u>	<u>264.153.257</u>
Rekstrargjöld			
Laun og tengd gjöld	5	(11.355.817)	(11.443.043)
Annar rekstrarkostnaður	6	(3.744.218)	(3.973.730)
Sérverkefni, "könnun á umfangi eintakagerðar til einkanota"		(3.739.222)	0
		<u>(18.839.257)</u>	<u>(15.416.773)</u>
Rekstrarhagnaður		208.195.325	248.736.484
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	4	4.811.195	9.902.136
Hreinar tekjur af almennri starfsemi		<u>213.006.520</u>	<u>258.638.620</u>
Aðrar tekjur og gjöld, Kapitalgeiri			
Kapalgeiri, tekjur		73.304.647	89.552.079
Kapalgeiri, gjöld	7	(9.991.095)	(9.280.869)
	2	<u>63.313.552</u>	<u>80.271.210</u>
Hreinar tekjur ársins		<u>276.320.072</u>	<u>338.909.830</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir og skuldir	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
Veltufjármunir			
Útistandandi tekjur	8	61.670.101	70.904.648
Aðrar kröfur		199.181	188.571
Bankainnstæður		375.744.665	361.951.808
alls		<u>437.613.947</u>	<u>433.045.027</u>
Skammtímaskuldir			
Ógreiddar úthlutanir	2, 10	123.610.200	156.645.210
Aðrar skammtímaskuldir	9	2.117.685	1.638.409
alls		<u>125.727.885</u>	<u>158.283.619</u>
Hreint veltufé		<u>311.886.062</u>	<u>274.761.408</u>
Hrein eign samtals		<u><u>311.886.062</u></u>	<u><u>274.761.408</u></u>
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	2	237.504.880	183.795.786
Sérgreint eigið fé kapálgeira	2	63.313.552	80.271.210
Varasjóður	2	11.067.630	10.694.412
Eigið fé samtals		<u><u>311.886.062</u></u>	<u><u>274.761.408</u></u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Uppruni handbærs fjár			
Frá rekstri:			
Innborgaðar tekjur v. 11. gr. höfundarlaga		227.034.582	264.153.257
Innborgaðar hreinar tekjur vegna kapalgeira		72.548.099	42.864.937
Innborgaðar fjármunatekjur (-gjöld)		4.811.195	9.902.136
Útborguð rekstrargjöld		(18.370.591)	(17.248.379)
Handbært fé frá rekstri		<u>286.023.285</u>	<u>299.671.951</u>
Ráðstöfun og annar uppruni handbærs fjár			
Greidd úthlutun		(158.924.208)	(184.907.280)
Greidd úthlutun kapalgeira		(113.306.220)	(48.568.393)
Ráðstöfun handbærs fjár		<u>(272.230.428)</u>	<u>(233.475.673)</u>
Aukning, (minnkun), handbærs fjár		13.792.857	66.196.278
Bankainnstæður í ársbyrjun		<u>361.951.808</u>	<u>295.755.530</u>
Bankainnstæður í árslok		<u>375.744.665</u>	<u>361.951.808</u>

Skýringar

1. Reikningskilaaðferðir

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og góða reikningskilavenju. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningskilaaðferðum og á fyrra ári.

Sjóðstreymi er hluti af ársreikningnum. Sjóðstreymið á að sýna hvað breytir handbæru fé á árinu. Til handbærs fjár teljast bankainnstæður og sjóður.

2. Eigið fé

Óráðstafað eigið fé greinist þannig:

	2020	2019
Til ráðstöfunar:		
Óráðstafað eigið fé í ársbyrjun	183.795.786	110.342.663
Hreinar tekjur ársins, samtals	276.320.072	338.909.830
Þar af hreinar tekjur kapalgeira flutt á "Sérgreint eigið fé Kapalgeira"	(63.313.552)	(80.271.210)
	<u>396.802.306</u>	<u>368.981.283</u>
Ráðstafað:		
Lagt í varasjóð skv. 5. grein samþykktu	(373.218)	(278.217)
Úthlutanir og uppgreiðslur á árinu, sbr. sundurliðun	<u>(158.924.208)</u>	<u>(184.907.280)</u>
Óráðstafað eigið fé í árslok	<u>237.504.880</u>	<u>183.795.786</u>

Hluti af hreinum tekjum ársins, og þar með talið óráðstöfuðu eigin fé, tilheyrir kapalgeira og er tekjum og gjöldum vegna hans haldið aðgreindum. Eigið fé sem tilheyrir kapalgeira og ekki hefur verið úthlutað er haldið sérgreindu.

Á aðalfundi IHM 2017 var Menningarsjóður IHM lagður niður og eignir hans færðar aftur inn í eigið fé IHM, en samtímis var samþykkt að auka í varasjóð IHM og byggja hann upp til sérstakra verkefna. Í samþykktum IHM er tilgangi varasjóðs lýst þannig: "Til að mæta óvæntum kröfum aðila, sem standa utan IHM, og kostnaði IHM, öðrum en rekstrarkostnaði, skal árlega leggja í varasjóð 5% af heildartekjum IHM hvers rekstrarárs. Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn kr. 10.000.000 falla greiðslur til hans niður. Fjárbæð þessi skal endurskoðuð árlega miðað við verðlagsþróun og skal koma fram í ársreikningi samtakanna. Sé gengið á höfuðstólinn skulu greiðslur til hans hefjast að nýju skv. sömu reglum". Varasjóður IHM nam í ársbyrjun 10.694.382 kr. Framreiknað viðmið á stöðu varasjóðs nemur í árslok 11.067.600 kr., tillag ársins nemur því 373.218 kr.

Úthlutanir ársins eru uppgreiðslur, sem byggja á ákveðnum reglum sem stjórn félagsins hefur sett þar til endanleg niðurstaða um skiptingu tekna liggur fyrir.

Skýringar

Úthlutun og greiðslur til aðila IHM vegna eintakagerðar til einkanoða, sbr. 11. gr. Höfundalaga, sundurliðast þannig:

	2020	2019	2018
BÍ	2.679.065	3.117.074	2.753.004
Fél. Leikstjóra (FLÍ)	2.679.065	3.117.074	2.753.004
FÍH	10.716.259	12.468.298	11.012.018
FÍL	13.931.137	16.208.787	14.315.623
FK	4.822.317	5.610.734	4.955.408
Myndstef	9.241.443	10.752.358	9.496.498
RSÍ	222.494	258.870	228.635
RSÍ/Hagþenkir	18.433.301	21.447.026	18.942.043
SFH	24.361.651	28.344.622	25.034.009
FHF	7.370.825	8.575.907	7.574.253
SÍK	20.081.663	23.364.884	20.635.898
SKL	12.859.511	14.961.958	13.214.422
STEF	31.525.477	36.679.688	32.395.550
Úthlutun samtals	158.924.208	184.907.280	163.310.364

Sérgreint eigið fé kapalgeira sundurliðast þannig:

	%	2020	2019
Eigið fé kapalgeira í ársbyrjun.....		80.271.210	69.730.468
Úthlutun til UBOI og SVT, (greidd).....	36%	(28.897.636)	(24.786.811)
Úthlutun til AGICOA/SÍK Framleiðendafélags, (greidd).....	26%	(20.870.514)	(18.258.360)
Úthlutun til STEFs, (greidd).....	18%	(14.448.817)	(12.640.404)
Hlutdeild annarra aðildarféлага IHM, (ógreidd).....	20%	(16.054.243)	(14.044.893)
		0	0
Hreinar tekjur kapalgeira á árinu.....		63.313.552	80.271.210
Sérgreint eigið fé kapalgeira í árslok		63.313.552	80.271.210

3. Skattamál

IHM ekki skattkyldur aðili, en greiðir fjármagnstekjuskatt af vaxtatekjum.

4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	2020	2019
Vaxtatekjur	6.248.871	12.869.886
Fjármagnstekjuskattur.....	(1.362.476)	(2.813.869)
	4.886.395	10.056.017
Bankakostnaður.....	(75.200)	(153.881)
	4.811.195	9.902.136

Skýringar

5. Laun og launatengd gjöld	2020	2019
Laun á skrifstofu	9.960.750	10.130.650
Laun stjórnar	3.695.352	3.600.083
Laun skoðunarmanna	159.496	155.378
Lífeyrissjóður og félagsgjöld	1.494.689	1.459.089
Tryggingargjald	912.308	1.002.004
Samtals laun, aðkeypt vinna og launatengd gjöld	16.222.595	16.347.204
Hlutdeild færð á kapálgeira	(4.866.778)	(4.904.161)
	<u>11.355.817</u>	<u>11.443.043</u>
	2020	2019
	<u>2020</u>	<u>2019</u>
6. Annar rekstrarkostnaður		
Pappír, prentun, ritföng og annar skrifstofukostnaður	730.642	765.547
Endurskoðun og reikningsskil	967.592	923.025
Fundir og ráðstefnur	232.731	236.121
Ýmis sérfræðikostnaður	0	321.851
Annar húsnæðiskostnaður	0	17.082
Húsaleiga	2.996.200	2.874.095
Ferðakostnaður	0	441.881
Námskeið og endurmenntun	0	50.300
Annar starfsmannakostnaður	35.000	35.000
Ýmis kostnaður	386.718	11.856
Samtals annar rekstrarkostnaður	5.348.883	5.676.758
Hlutdeild færð á kapálgeira	(1.604.665)	(1.703.028)
	<u>3.744.218</u>	<u>3.973.730</u>
7. Kapálgeiri, gjöld		
Sérfræðiaðstoð	2.591.251	217.372
Annar beinn kostnaður vegna kapálgeira	928.401	2.456.308
Hlutdeild í sameiginlegum launakostnaði	4.866.778	4.904.161
Hlutdeild í sameiginlegum rekstrargjöldum	1.604.665	1.703.028
	<u>9.991.095</u>	<u>9.280.869</u>
8. Útistandandi tekjur		
365 miðlar hf	6.341.341	6.341.341
Síminn hf	14.873.385	7.617.827
SÝN hf	38.710.395	56.945.480
NOVA	1.744.980	0
	<u>61.670.101</u>	<u>70.904.648</u>

Skýringar

9. Aðrar skammtímaskuldir

Ógreiddur kostnaður um áramót	53.921	898.802
Ógreidd staðgreiðsla	469.007	153.206
Ógreidd launatengd gjöld	1.594.757	586.401
	<u>2.117.685</u>	<u>1.638.409</u>

10. Ógreiddar úthlutanir

Ógreidd úthlutun til "20% hluta" Kapalgeirans vegna tekna fyrri ára	77.552.420	83.327.705
Ógreidd úthlutun til STEFs úr Kapalgeira vegna fyrri ára	0	12.640.404
Innborganir frá NORWACO til úthlutunar	18.062.654	14.979.755
Innborganir frá COPYDAN til úthlutunar	240.100	240.100
Innborganir frá COPYSWEDE til úthlutunar	19.205.884	16.944.272
Ógreidd innlend úthlutun vegna eintakagerðar (11.gr. tekna)	8.549.142	28.512.974
	<u>123.610.200</u>	<u>156.645.210</u>

11. Önnur mál

Alþingi samþykkti á haustmánuðum 2016 breytingu á höfundalögum þar sem ma. kveður á um að IHM skuli fá sérstakar bótagreiðslur úr ríkissjóði á grundvelli 11 gr. höfundalaga. Árleg bótafjárhæð var reiknuð um 245 mkr. Bótagreiðsla til IHM skv höfundalögunum er háð heimildum í fjárlögum hvers árs. Bótagreiðslan var samþykkt í fjárlögum fyrir árið 2020, og gerði ráð fyrir 244 mkr. greiðslu til IHM á því ári, en endanleg fjárhæð tekur mið af tilteknum hluta innflutningstekna ríkissjóðs. IHM tekjufærir bótagreiðslurnar á greiðsluári.